

Ed.

502. Nefndarálit

[230. mál]

um frv. til laga um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðdragandi frv. þessa og breytingartillagna meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar við það er með undarlegum hætti. Á þetta bæði við um það sem gerst hefur utan þings og innan.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð til að leysa þann stjórnmalavanda, sem stuðningsflokkar hennar höfðu magnað að höfði sér með óraunsæjum kosningaloforðum á s. l. sumri. Í starfslýsingu hennar kom fram, að ekki var hugsað um efnahagsmál þjóðarinnar nema nokkra mánuði fram í tímann og því heitið að langtímastefna yrði birt síðar.

Þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gripið var til í byrjun september og desember s. l., urðu annaðhvort til þess að fresta vanda eða skapa nýjan. Ljóst er, að stóraukin skattheimta og þær millifærslur, sem stofnað hefur verið til, hafa ekki megnað að hamla gegn verðbólgunni og árangur er mun minni í þeim efnum en orðið hefði skv. febrúar- og maíögunum 1978. Hið sama er að segja um kaupmátt launa.

Ýmsir þingmenn Alþýðuflokksins létu sem þeim væri ljóst, að ekki yrði sífellt undan því vikist að móta alvörustefnu í efnahagsmálum og sýna hana í verki. Upp-

runa þessa frv. má rekja til þeirra, en þeir lögðu fram drög í Alþýðublaðinu fyrir jól. Þótt þar væri sumt sýndarmennska og annað rangt, eins og enn er í núverandi gerð frv., var um nokkur snörp ákvæði að ræða varðandi stjórn efnahagsmála, kjaramál o. fl. Í meðförum ráðherranefndar, forsætisráðherra og nú síðast ýmissa einkaráðgjafa stjórnarflokkanna er upphaflega gerðin orðin svo útþynnt og bragðdauf, að frv. leysir engan vanda og ber úrræðaleyssi hæstvirtrar ríkisstj. órækt vitni. Má með sanni segja að nú taki steininn úr. Uppgjöf ríkisstjórnarinnar við mótun árangursvænlegrar stefnu í efnahagsmálum er algjör. Jafnframt er opinberað, svo að ekki verður um villst, að verið er að knýja fram kjaraskerðingu og taka þannig aftur það, sem stjórnarliðið þóttist veita s. l. haust til að kaupa sér stundarfrið.

Fyrstu 32 greinar frv. í I.—VI. kafla eru með öllu óþarfar. Er þar fjallað um atriði, sem þegar eru framkvæmd eða unnt er að framkvæma án lagasetningar. Sumar greinar eru hreinar stefnuyfirlýsingar eða loforð, sem ekki á að setja lagaákvæði um.

33.—46. gr. í VII. kafla og ákvæði til bráðabirgða í VI. kafla varða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Nauðsynlegt er að endurskoða lagaákvæði, er varða þessi málefni. Þetta væri eðlilegt að gera með sérstakri lagasetningu. Margt í þessum kafla frv. gæti verið til bóta, þótt annað sé varhugavert. Stefna sjálfstæðismanna er skýr í þessum málum. Þeir hafa þegar á Alþingi lagt fram tillögur um að gefa verðtryggingu frjálsa og færa ákvörðunarvald um kjör almennra útlána og innlána frá Seðlabankanum til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármagnsstofnana. Þetta yrði mun haganlegra í framkvæmd en sá máti, sem frv. gerir ráð fyrir.

VIII. kafli ber heitið „Verðbætur á laun“. Hér er verið að setja ákvæði um endurkröfu á hendur launþegum vegna fyrri óráðsúu stjórnarflokkanna. Hljóta þeir einir að bera ábyrgð á slíkri lagasetningu. Jafnframt er um þann reginmun að ræða nú og á löggjöf fyrrv. ríkisstjórnar í febrúar og maí á s. l. ári, að kjarasamningar eru nú lausir. Auk þess er með breytingartillögu meiri hl. við frv. teknar aftur þegar umsamdar grunnkaupshækkanir. Þetta eru miklu alvarlegri afskipti af kjarasamningum en skerðing verðbóta.

Sjálfstæðismenn telja eðlilegt og sjálfsagt, að leið frjálsra samninga um kaup og kjör sé reynd, áður en gengið er til lagasetningar um þau atriði. Þeir telja einnig, að taka eigi upp nýtt verðbótakerfi, kjaravísitölu, þar sem hvorki sé tekið tillit til óbeinna skatta né niðurgreiðslna og miðað sé við breytingu viðskiptakjara.

IX. kafli frv., um vinnumarkaðsmál, orkar tvímælis svo að ekki sé meira sagt. Í þessu sambandi er sérstök athygli vakin á vafasömu ákvæði í 54. gr. um skyldu atvinnurekenda til að tilkynna með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt, sem yrði mjög erfitt í framkvæmd, ef ekki óframkvæmanlegt. Þess vegna leggst minni hl. á móti 54. gr.

X. kafli, um verðlagsmál, kollsteypir þegar samþykktum lögum. Minni hl. leggst því gegn þessum kafla frv. Sjálfstæðismenn vilja að lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti komi sem fyrst til framkvæmda.

60. gr. í XI. kafla, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, felur ekki í sér marktæka breytingu. Sjálfstæðismenn vilja, að Verðjöfnunarsjóður verði virkt hagstjórnartæki, þar sem farið verði eftir verðlagi á erlendum markaði og horfum í þeim efnunum. XI. kafli frv. fjallar að öðru leyti um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Í því sambandi er minni hl. andvígur því ákvæði 63. gr., að gefin séu fyrirheit um viðtækar bætur, þegar draga þarf úr sókn til verndar mikilvægum fiskstofnum. Hér gæti verið ávísað á milljarða króna útgjaldaaukningu með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem þegar hafa verið boðaðar, sbr. einnig reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins frá 27. mars s. l. Minni hl. telur hins vegar eðlilegt, að lög um Aflatryggingasjóð séu endurskoðuð, en um það þarf ekki að kveða á í lögum.

Frv. er ætlað að vera umgerð um stjórn efnahagsmála o. fl. á næstu árum. Það ris þó engan veginn undir því nafni. Þar er t. d. sleppt að minnast á jafn-

mikilvæga málaflokka og skattamál og gjaldeyrismál. Auk þess er sárafátt bitastætt í því um atvinnumál.

Minni hl. gerir ekki sérstakar breytingartillögur við frv., þar sem því líkt klambur getur ekki verið uppistaða heilbrigðrar löggjafar.

Frv. er einnig í mikilvægum atriðum í andstöðu við þá stefnu frjálshyggju, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur markað í efnahagsmálum.

Alþingi, 2. apríl 1979.

Jón G. Sólnes,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.